


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyr	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti ENSK1OM03	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Karen Malmquist	Sk.st.	KMQ
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru undirstöðuatriði í ensku rifjuð upp svo að nemandi geti tekist á við nám í faginu á framhaldsskólastigi. Unnið með markvissar málfræði- og orðaforðaæfingar. Áhersla er lögð á lestur texta, bæði einfalda bókmenntatexta og texta almenns eðlis. Skilningur á töluðu máli er þjálfður með hlustun á rauntexta. Nemandinn er þjálfður í að tjá sig með viðeigandi orðalagi um almenn efni á ensku. Ritun er þjálfuð með fjölbreyttum æfingum þar sem áhersla er lögð á að skrifa texta á skipulagðan hátt eftir viðeigandi reglum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grunnreglum í enskri málfræði
- algengustu orðum tungumálsins
- almennum rauntextum og einföldum bókmenntatextum
- almennu talmáli í samtölum, útvarpi og sjónvarpi

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- skrifa stuttan samfelldan texta með viðeigandi uppsetningu
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- geta fylgt eftir og tekið þátt í einföldum samræðum
- tjá sig um almenn málefni með viðeigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- lesa almenna texta og einfalda bókmenntatexta
- byggja upp og bæta við orðaforða sinn með mismunandi aðferðum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á fjölbreyttan hátt með almenna rauntexta og einfalda bókmenntatexta
- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tali og ritun
- beita virkri hlustun, skilja inntak samræðna sem og útvarps- og sjónvarpsefnis
- taka þátt í umræðum á ensku um það efni sem fjallað er um hverju sinni
- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyr	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Áfangaheiti ENSK1OM3	
Síða 2 af 2		

Kennari	Karen Malmquist	Sk.st.	KMQ
----------------	-----------------	---------------	-----

Námsgögn:

Foundations of English ENSK1OM3 (fæst á skrifstofu VMA)

Áætlun um yfirferð:

Vika	Efni
34	Kynning og almenn upprifjun
35-38	Kafli 1 í <i>Foundations of English ENSK1OM3 (FoE)</i> , lestur, ritun og málfræði (ákveðinn og óákveðinn greinir). Byrjað á áhugasviðsverkefnum
39	Byrjað á kafla 2 í <i>FoE</i> lestur, ritun og málfræði (persónufornöfn, afturbeygð fornöfn, sögnin 'to do' í nútíð og þátíð)
40	Þemavika
41-42	Haldið áfram með kafla 2 auk hlustunarefnis. Áhugasviðsverkefni klárað
43-46	Kafli 3, í <i>FoE</i> , lestur, ritun og málfræði (einföld og samsett nútíð)
47-48	Kafli 4, í <i>FoE</i> , lestur, ritun og málfræði (eintala og fleirtala nafnorða, teljanleg og óteljanleg nafnorð)
49	Upprifjun

Verkefni:

Ýmis verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Vægi
Kaflapróf eftir hvern kafla fyrir sig (4x10%)	40%
Verkefni tengt áhugasviði (fyrirlestur / veggspjald / ritgerð o.s.frv.)	10%
Lesskilningur (2x2.5%)	5%
Ritunarverkefni, (2x5%)	10%
Hlustun (2x5%)	10%
Vinnueinkunn (þátttaka í tímum, smáverkefni og ástundun)	5%
Þemaverkefni	20%

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils